

KIRKJUGARÐARÁÐ

108. fundur haldinn mánudaginn 14. október 2013 í fundarsal Biskupsstofu.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Smári Sigurðsson, Þórsteinn Ragnarsson, Sigurgeir Skúlason og Kristín Huld Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð. Valtýr Valtýsson boðaði forföll.

1. Setning fundar

Fundur settur kl. 13:00 og fundargerðir lagðar fram. Fundargerð 105. fundar frá 10. júní lögð fram og samþykkt. Fundargerð 107. fundar frá 9. september lögð fram og samþykkt.

2. Fjárlagafrumvarpið 2014

Tillaga að framlagi til kirkjugarða lögð fram til kynningar.

3. Staðan varðandi tillögu Prestafélags Íslands um breytingar á gjaldskrá vegna aukaverka presta

Þórsteinn Ragnarsson kynnti. Kirkjugarðaráð er sammála þeirri túlkun KGSÍ að ekki komi til umbeðinnar hækkunar Prestafélags Íslands nema að ráðuneytið gefi um það rökstudd fyrirmæli. Þau fyrirmæli hafa enn ekki borist.

4. Skipan nefndar um málefni kirkjugarða – hver er staðan?

Nefndin er ekki enn tekin til starfa. Kirkjugarðaráð ákvað að óska eftir að framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs ásamt Þórsteini Ragnarssyni og Haraldi L. Haraldssyni fái fund með innanríkisráðherra og síðan með fjármálaráðherra til að ræða stöðu mála varðandi nefndarskipan sem óskað var eftir við innanríkisráðuneyti í júní sl.

5. Fundur vegna gamla kirkjugarðsins á Ísafirði

Framkvæmdastjóri sagði frá ferð sinni vestur. Hann benti Ísfirðingum á vinnu við Hólavallagarð og skráningu minningarmarka og hvatti til samsvarandi vinnu vegna kirkjugarðsins á Ísafirði.

Ákveðið var að stofna fimm manna vinnuhóp, tvo frá sóknarnefnd, tvo frá Ísafjarðarbæ og einn frá Kirkjugarðaráði vegna framtíðarvinnu við kirkjugarðinn. Sóknarnefndin mun óska eftir tilnefningum í vinnuhópinn.

6. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 11. nóvember.

7. Önnur mál

Engin

Fundi slitið kl. 14:20.

Ragnhildur Benediktsdóttir,
formaður

Kristín Huld Sigurðardóttir,
ritari